

AÐ SEGJA FRÁ MEÐ MYNDUM

**KARL JEPPESEN OG
MARTEINN SIGURGEIRSSON**



INNGANGUR

Að segja frá með myndum er fræðsluefni fyrir nemendur í grunnskólum.

Miðað er við að nota stafrænar myndavélar og að klippa í tölvum.

Kvikmyndin er gríðarlega gott hjálpartæki í skólastarfi til þess að tjá sig á skapandi hátt, dýpka skilning á námsefni og taka á slagæð mannlífsins utan veggja skólans. Í skapandi skólastarfi má tengja kvikmyndagerðina öllum aldursflokkum og öllum námsgreinum en einkum tungumálum, listgreinum, samfélagsfræði og lífsleikni.

Stuttmyndagerð skarast við aðrar listgreinar og getur hentað vel í einstaklingsmiðuðu námi.

Að segja frá með myndum

© 2004 Texti og myndir Karl Jeppesen, Marteinn Sigurgeirsson.

Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Yfirlestur: Ásthildur Kjartansdóttir og Þórdís Guðjónsdóttir

Umbrot: NÁMSGAGNASTOFNUN

1. útgáfa 2004

Námsgagnastofnun
Reykjavík

Efnisyfirlit

Helstu viðfangsefni þessa námsefnis eru

Búnaður	4
Linsur	5
„Súm-linsa“	5
Myndbandstækið	6
Val á upptökuvélum	6
Undirbúningur	8
Hugmyndin	8
Rannsóknir og vettvangsathugun	9
Handrit	9
Þulartexti	10
Heimildarmynd – fréttamynd	11
Fræðslumynd	12
Hreyfimyndir	13
Myndmálið	15
Myndskeið	16
Myndskurður	17
Myndbygging	19
Hreyfingar tökuvélar	20
Góð æfing	21
Tíminn	21
Tímastytting	22
Upptökur og úrvinnsla	24
Myndatakan	24
Ljós og lýsing	26
Hljóðupptaka	27
Klipping	28
Frá tökuvél yfir í tölvu	30
Hljóð	31
Textar og áhrif	31
Frágangur	31
Grafík – skiltagerð	32
Verkefni: Stuttmyndagerð	33
Verkefni: Hreyfimyndagerð	38
Verkefni: Fréttir	41
Verkefni: Fræðslumyndir	43
Verkefni: Heimildarmyndir	45

BÚNAÐUR

Frá því um 1976 hafa nokkur mismunandi myndbandskerfi verið á heimilismarkaði. Þar má fyrst nefna VHS sem enn er í notkun og Betamax sem féll út af markaði um 1984. Í dag eru nokkur kerfi í notkun auk hins nýja stafræna staðals sem er í þann veginn að taka við og ýta öðrum kerfum út af borðinu.

Á heimilismarkaði er aðallega um þrjú stafræn kerfi að ræða: Myndavélar með DVD- diskum, Digital8 og MiniDV myndbandsspólur. Það síðastnefnda hefur mun meiri útbreiðslu en hin kerfin. Aðalkostir þessara nýju stafrænu kerfa er skýr mynd og það hve vel gæði myndar og hljóðs haldast þrátt fyrir klippingu og fjölföldun.

Lítum nú á uppbyggingu þessara tækja. Aðalhlutar upptökuvélarinnar eru linsan, myndflagan (CCD eða myndflögurnar 3CCD) og skoðarinn. Upptökuvélar með þrem myndflögum eru mun betri og miklu dýrari en þær sem aðeins hafa eina.

Inn um linsuna berast ljósgeislar (myndin), í myndflögunni (flögunum) breytast geislarinnir í stafrænt form sem berst til myndbandstækisins og vistast þar. Í skoðaranum er myndin yfirleitt í lit. Linsuna verður að stilla þannig að myndin verði skýr (sjálfvirk á flestum tökuvélum). Einnig er á linsunni það sem almennt er kallað „súm“. Með því er



hægt að breyta linsunni þannig að hún taki víða mynd eða nærmynd og allt þar á milli (brennividd linsunnar er breytt). Varast ber að hreyfa mjög mikið við „súminu“ á meðan upptaka fer fram því hætt er við að myndin verði of óróleg.

Ýmsir takkar eru á tókuvélinni. Á mörgum tókuvélum er takki sem stjórnar því hvort myndin klippist inn eða upptakan byrjar í svörtu eða hvítu og myndin birtist svo hægt þar til hún hefur náð fullum ljósstyrk. Þetta gerist á u.þ.b. 1–2 sek. Sama gerist þegar töku lýkur, þá hverfur myndin hægt. Þetta nefnist „fade-in“ og „fade-out“.


Allar tókuvélar eru búnar hljóðnemum. Þeir eru mjög næmir og nema allt vel sem heyrist í grennd við upptökustaðinn. Það getur verið nauðsynlegt að hafa annan hljóðnema sem hentar betur á stöðum þar sem mikill hávaði er og truflandi aukahljóð heyrast. Innbyggðir hljóðnemar eru ekki alltaf eins góðir og þeir sem keyptir eru sérstaklega. Nánar verður fjallað um hljóðupptökur síðar. Á öllum tókuvélum er takki sem stjórnar hvort tekið er upp eða ekki.

Linsur

Linsan er einn mikilvægasti hluti tókuvélarinnar. Linsurnar eru misgóðar, sumar eru skýrar og gefa skarpa mynd á meðan aðrar eru óskýrar. Þá hefur myndin engar hreinar línur, hún er því ekki eins skýr. Í flestum tókuvélum eru linsurnar að nokkru leyti sjálfvirkar. Á öllum tókuvélum stillist skerpan sjálfvirk (auto-focus) og valið er sjálfvirk rétt ljósop (auto-iris). Linsurnar á þeim vélum sem við fjöllum hér um eru með sjálfvirka ljósopsstillingu. Slíkt er mjög þægilegt en í einstaka tilfellum er gott að geta valið ljósopið sjálfur. Sumar vélar eru búnar stillanlegum linsum. Það getur verið hentugt að hafa autofocus en stundum er nauðsynlegt að velja sjálfur skerpuna (fókus). Það fer eftir því hvernig myndin er byggð upp og af hverju hún er tekin. Mjög þægilegt er að hafa sjálfvirkan skerpustilli þegar myndað er utan húss, íþróttir, landslag o.fl. Þegar tekin er mynd af fólki innan húss, á mikilli hreyfingu, hentar sjálfvirknin oft illa. Þá er gott að geta stillt skerpuna sjálfur.

„Súm-linsa“

Á öllum tegundum upptökuvéla er „súm-linsa“. Hún hefur breytilega brennividd, allt frá stuttri upp í langa. Segja má að í einni súm-linsu séu fjólgnar allar nauðsynlegar linsur sem nota þarf við upptökur. Súmlinsa getur stækkað fyrirmyndina 6X (sex sinnum súm), 8X eða meira eftir gerð hennar. Þetta má lesa úr tölunum sem gefnar eru upp á linsunni. Linsa, sem er víðust 8 mm en þrengst 48 mm, hefur 6x stækkun eða sex sinnum súm $6 \times 8 = 48$. Linsa sem er víðust 7 mm og þrengst 56 mm hefur 8x stækkun, 8x súm, $7 \times 8 = 56$. Unnt er að setja aukalinsur framan á sumar linsur sem annað



hvort víkka sjónarhornið eða þrengja það. Á nýjustu stafrænu myndavélunum er bæði sjónglerjasúm (optical) og stafrænt súm. Sjónglerjasúm er það sem á sér stað í linsunni sjálfri, þ.e.a.s. sjónglerin sjálf breyta myndskurðinum. Þetta er í flestum tilvikum skýrt og gott súm. Sama er ekki unnt að segja um stafrænt (digital) súm. Þá stækkar linsan hvern punkt sem myndin er byggð upp af og myndin verður gróf og óskýr. Notið ekki stafræna súmið nema brýn nauðsyn krefjist þess.

Myndbandstækið

Lítum nú á þann hluta tökuvélarinnar sem sér um upptökuna. Vélin vinnur í meginatriðum eins og venjulegt segulbandstæki fyrir mynd- og hljóðsnældur. Á tækjunum eru hliðstæðir takkar. Takki, sem opnar snælduhulstrið (eject); til að spila (play); spóla hratt aftur á bak (rew) eða hratt áfram (ff); auk stopptakkans (stop). Þá er á tækjunum takki til að setja bandið í biðstöðu (pause). Á öllum myndbandstækjum er unnt að spila hratt áfram eða aftur á bak og um leið skoða myndina á skjánum (hröð myndleitun). Þetta er mjög hentugt þegar leita þarf að einhverjum ákveðnum stað á myndbandinu.

Í mörgum myndbandstækjum er einnig audio-dub takki. Hann má nota til að hljóðsetja myndband sem búið er að klippa. Þá er búið að ganga frá myndinni en eftir að hljóðsetja hana, setja inn texta eða tónlist.

Algengt er að á myndbandstækjum sé takki merktur insert. Með því að nota hann má leggja nýja mynd yfir aðra sem er fyrir á myndbandinu án þess að það trufli hljóðið sem fyrir er á bandinu. Tökum dæmi: Tekinn hefur verið upp fyrirlestur sem fjallar um húsagerðarlist. Fyrirlesarinn notaði myndir á myndvarpa máli sínu til skýringar. Eftir upptökuna kom í ljós að myndirnar koma mjög illa fram á sjónvarpsskerminum. Þá er heppilegt að nota insert-takkann, fá myndirnar hjá fyrirlesaranum og beina upptökuvélinni að þeim hverri á fætur annarri og lýsa þær vel upp. Með því að finna rétta staði á myndbandinu og þrýsta á insert- og play-takkana má leggja þær yfir þær gömlu án þess að hljóðið truflist.

Val á upptökuvélum



Kerfi:

Mini DV, Digital8 og DVD

Það skiptir ekki miklu máli frá hvaða framleiðanda vélin er en mikilvægt er að vélin hafi eftirfarnadi möguleika.

Mikilvægt er að vélin sé þannig búin tæknilega:

- Innstunga fyrir auka *hljóðnema* (mic).
- Innstunga fyrir *heyrnartæki* (headphone).
- Stór og lítill *litaskjár* og hægt sé að lyfta (snúa) þeim litla u.þ.b. 45° eða meira.
- Innstunga fyrir *DV inn og út* (DV in/out).
- Innstunga fyrir *analog in/out* til þess að breyta VHS mynd í stafræna mynd. Nýtist einnig til að sýna beint frá upptökuvélinni á sjónvarp.
- Möguleiki á *rammatökum* fyrir hreyfimyndagerð (frame rec). Nýtist fyrst og fremst í myndmenntakennslu.

Fylgihlutir sem nauðsynlegt er að hafa:

Þrífótur með góðum haus sem gefur mjúkar og jafnar hreyfingar.

Taska undir myndavélina og fylgihluti (þó ekki þrífótinn).

Hljóðnemi (laus) til að nota við töku viðtala.

- Handheldur hljóðnemi með góðri snúru.
- Næluhljóðnemi með snúru.
- Heyrnartæki.
- Framlengingarsnúrur fyrir hljóðnema.
- Vindhlíf á hljóðnema fyrir útitökur.
- Rafhlaða fyrir hljóðnema.
- Regnvörn fyrir myndavél.
- Lítið ljós sem hægt er að festa á myndavélina. Kemur sér vel við innitökur þegar birta er lítil.



UNDIR- BÚNINGUR

Hugmyndin

Margar hugmyndir geta skotið upp kollinum þegar kvikmyndagerð er annars vegar. Kvikmyndagerð er listgrein sem hefur margar aðrar listgreinar innan sinna vébanda og efnistöð eru fjölbreytt. Því er mikilvægt að skipuleggja vel allan undirbúning þegar góð hugmynd að mynd er framkvæmd.

Gott er að afmarka hugmyndina við ákveðið efni, ekki vaða úr einu í annað. Einnig þarf að ákveða hvaða umgjörð hentar efninu: stuttmynd (leikin), fræðslumynd, fréttamynd, hreyfimynd (t.d. teikni-, leir- og klippimyndir). Þegar unnið er með stuttmyndir verðum við að

takmarka söguþráðinn við það umhverfi og persónur sem við höfum. Við hreyfimyndagerð getum við sleppt hugmyndafluginu lausu og ráðskast með frægar persónur, kaftáta, skrímsli eða geimskip.

Oft er erfitt að fá góða hugmynd að sögu til þess að mynda. Þá getur verið gott að nýta sér eitthvert atvik sem maður hefur upplifað eða heyrt um. Einnig geta fréttir eða dularfullir staðir sem þið þekkið orðið kveikja að sögunni. Kennarar geta komið sér



upp úrklippusafni og látið nemendur spinna sögu út frá megininnihaldi greinar en breyta staðháttum og persónum svo atburðurinn gæti gerst á heimaslóðum.

Greinar eins og saga, landafræði og lífsleikni, þar sem fjallað er um mannleg samskipti, gefa allar tilefni til sagnagerðar. Hafa má samkeppni um bestu söguna. Hægt er að beita aðferðum kvikmyndarinnar í öllum námsgreinum. Skipta má bekknum í hópa sem vinna hver með sinn kafla. Í byrjun getur allur bekkurinn unnið í einu á handrita- stiginu en síðan einn hópur í einu við tókur og klippingu.

Rannsóknir og vettvangsathugun

Þegar hugmyndin er orðin skýr og allir sammála um hvað myndin á að fjalla um þarf oft að kanna og rannsaka þá staði og það efni sem á að fjalla um. Ákveða þarf hvaða hluti á að hafa með á tókustaðina og gera lista yfir þá.


Nauðsynlegt er að kynna sig og verkefnið og fá tilskilin leyfi þegar farið er út fyrir skólann til að mynda. Gleymið ekki að geta skal heimilda þegar um heimildar- og fræðslu- myndir er að ræða. Oft leggja einstaklingar á sig töluverða vinnu til að liðka fyrir myndatöku. Þeirra má gjarnan geta í lok myndar.

Mikilvægt er að hafa aukarafhlöður, regnhlífir og skjólföt ef veðurútlit er ekki gott. Ef mynda þarf aftur næsta dag þá þurfa leikarar að mæta aftur í sömu fötum og hlutir að vera á réttum stað. Þá getur verið gott að taka (stafræna) ljósmynd af tókustað til þess að geta gert samanburð á seinni degi.

Handrit

Einn mikilvægasti liðurinn í undirbúningnum er gerð handrits. Þar þurfa allar upplýsingar um upptökurnar að koma fram, s.s. myndlýsing, lengd myndskleiða, textinn sem sagður er eða lesinn í viðkomandi myndskleiði, aukahljóð og tónlist. Það er nokkuð misjafnt eftir viðfangsefnum hversu nákvæm handritin þurfa að vera. Stundum kunna nokkrar línur, eins konar minnisatriði, að nægja. Í öðrum tilvikum getur handritið orðið að þykkri bók með nákvæmum lýsingum á öllu sem viðkemur upptökunni.

Ekki er til neitt eitt form sem hentar allri handritsgerð. Menn vinna handrit sín á mjög mismunandi vegu en flest handrit eiga það sameiginlegt að þau greina frá þeim atriðum sem talin voru upp hér að framan. Vel unnið handrit er nauðsynlegt ýmissa hluta vegna. Það sparar upp-



tökumanninum mörg mistök. Án handrits verður tókumaðurinn að muna allt og slíkt getur verið varhugavert að reyna. Handritið tryggir að framvindan í kvikmyndinni verði rétt. Alltaf er hætt á að nauðsynleg innklipp eða jafnvel heil myndskleið gleymist nema þeirra sé getið í handritinu. Það á t.d. að greina frá smáatriðum, s.s. „Hann sest og teygir sig eftir glasinu“ og síðan „Hann færir glasið að munninum og drekkur“. Þannig gæti þetta litið út í handriti fyrir leikna mynd. Ef ákveðið er að taka upp mynd ætti að byrja á því að festa hugmyndina á blað og reyna síðan að útfæra nánar allt sem nauðsynlegt er að komi fram. Þetta getur þýtt að skrifa þurfi handritið oftar en einu sinni.

Þulartexti með heimildar- og fræðslumyndum og fréttum

Best er að lýsa viðfangsefninu að fullu án hjálpar talaðs eða skrifaðs orðs. Þetta er þó sjaldnast hægt. Mörgum efnisviðum er ekki hægt að lýsa einungis með myndum. A.m.k. þarf nokkur orð með, orð sem gefa myndunum dýpri merkingu og skýra þær. Myndir og orð eiga sama upphafið, sömu hugsunina. Oft er hugmyndin skýrð með orðum áður en hún verður að mynd. Mörg orðanna, sem eru í upphaflega handritinu, verða að myndum þegar kvikmyndin er fullbúin. En venjulega verða mörg orð afgang, upplýsingar sem ekki er unnt að gefa með myndum. Þær verða að vera í þulartextanum sem lesinn er með myndunum. Erfitt getur verið að fá þulartextann til þess að falla vel að myndunum þannig að boðskapurinn verði nógu áhrifaríkur til að ná eyrum áhorfenda. Þeir eiga oft í erfiðleikum með að fylgjast bæði með myndinni og þulartextanum. Það verður til þess að annaðhvort myndin eða textinn fer fyrir ofan garð og neðan. Þetta á sér einkum stað þegar texti og mynd falla ekki vel hvort að öðru. Oftast er það myndin sem athyglin beinist að.

Nokkrar einfaldar reglur við samningu þulartexta:

- Þulartextinn skal byggður upp með stuttum málsgreinum.
- Fara á sparlega með aukasetningar, aldrei meira en ein aukasetning í hverri málsgrein.
- Nota skal einföld og skýr orð og forðast erlend orð án útskýringa.
- Ekki á að segja frá því sem sést í myndinni heldur því sem tengist henni.
- Það verður að gera sér glögga grein fyrir því hverjum textinn er ætlaður áður en hann er saminn.

Staðreyndin er sú að áhorfendur meðtaka aðeins hluta af þeim upplýsingum sem koma fram í þulartextanum. Því er betra að miðla litlum upplýsingum sem þeir muna en miklum sem þeir gleyma fljótt.



Heimildarmynd – fréttamynd

Heimildarmynd má byggja upp á marga vegu. Ein leiðin og e.t.v. sú algengasta er að einn eða fleiri menn segi frá án þess að kvikmyndagerðarmaðurinn spyrji spurninga. Myndfrásögnin er síðan byggð á frásögninni. Í þessum tilvikum reynir kvikmyndagerðarmaður að hafa sem minnst áhrif á framvindu frásagnarinnar.

Önnur leið er að byggja myndfrásögnina upp á rannsóknum, t.d. sögulegum heimildum. Þá reynir kvikmyndagerðarmaður að greina frá því sem fram hefur komið um málið hjá öðrum og gera því eins góð skil í mynd og unnt er.

Mjög oft er farin leið sem er sambland af þessum tveimur en það sem einkennir góðar heimildarmyndir er heiðarleiki og sönn frásögn.

Þegar unnið er að heimildarmynd er mikilvægt að mynda þá hluti sem snerta söguna. MJög oft er stuðst við málverk, teikningar og ljósmyndir ef ekki eru til lifandi myndir af því sem greint er frá. Slíkt efni er oft kallað baksviðsmyndir.

Í heimildarmyndum er mjög oft settur inn þulartexti sem tengir saman myndfrásögnina og gerir hana skiljanlegri. Einnig er unnt að byggja heimildarmyndina alfarið upp á frásögn heimildarmannsins (eða mannanna) og þulartextanum þá sleppt.

Ekki er í öllum tilvikum unnt að byggja söguna upp á frásögn heimildarmanna. Sá atburður sem greina á frá getur verið svo löngu liðinn að enginn sé til frásagnar um það sem gerðist. Þá er byggt á því sem skrifað hefur verið um atburðinn eða á rannsóknarskýrslum sagnfræðinga og fornleifafræðinga sem rannsakað hafa gamlar heimildir eða stundað fornleifagröft á viðkomandi stöðum.



Heimildarmyndir eru stundum gerðar um atburði um leið og þeir eiga sér stað. Hér má t.d. nefna ættarmót og hestamannamót.

Það er afar mikilvægt að hafa vel unnið handrit að myndinni áður en hafist er handa við kvikmyndatökuna. Forðast ber að innleiða atburði sem koma söguþræðinum ekki við. Samfella í frásögninni er mjög mikilvæg og hún fæst ekki nema með góðu handriti.

Handrit að heimildarmynd tekur oft breytingum í tókum ef nýir þættir koma til eða nýjar uppgötvanir í ferlinu. Þá verður handritið meira eins og beinagrind að myndinni. Handrit breytist líka oft í klippingu þar sem lokagerð handrits á sér stað.

Fræðslumynd

Með fræðslumynd er stefnt að því að fræða eða upplýsa áhorfandann eða jafnvel að kenna honum eitthvað nýtt. Það er mikilvægt að ofhlaða ekki frásögnina upplýsingum og gott er að gefa áhorfandanum tækifæri til að íhuga það sem fjallað hefur verið um. Hlé á talfrásögn eru nauðsynleg til þess að myndin fái að njóta sín.

Oft eru notaðar teiknaðar myndir til útskýringar á efninu og settar inn skýringarmyndir með einhverri hreyfingu til nánari glöggvunar fyrir áhorfandann.

Fræðslumyndir eru oft byggðar upp á nærmyndum svo áhorfandinn sjái sem best og gleggst umfjöllunarefnið. Forðast ber að hafa þá hluti í myndfrásögninni sem koma efninu ekki við. Slíkt getur truflað áhorfandann.



Hreyfimyndir

Hreyfimyndir köllum við það þegar hlutur eða partur af teikningu er færður örlítið til og myndaðir nokkrir rammar og svo fært aftur og koll af kolli.

Myndavélin verður að vera kyrr og á þrífæti eða ofan á tókukassa ef um klippimynd er að ræða. Venjulega er hluturinn færður um 1 cm og teknir 3 rammar. Stafrænar myndavélar gera það sjálfvirkt ef þær eru með stillingu fyrir rammatökur (frame rec). Þá er ýtt á rauða upptökutakkann á fjarstýringunni. Ef hluturinn er færður um 1/2 cm verður hreyfingin í myndinni hæg en ef fært er um 3 cm verður hreyfingin hröð í sýningu.

Venjulegur hraði á sjónvarpsmynd er 25 rammar á sekúndu. Þannig þarf 8 færslur til þess að fá eina sekúndu. Þetta er því töluverð þolinmæðisvinna en þess virði þegar árangurinn kemur í ljós.

Gott er að taka 2–5 sekúndur á venjulegum hraða í byrjun og við hver ný kaflaskil til þess að betur megi greina myndina og lengja vegna talsetningar.



Nokkur dæmi um hreyfimyndir

Klippimyndir úr ljósmyndum

Þær eru gerðar á svipaðan hátt og hreyfimyndir nema hvað ljósmyndir eru notaðar sem bakgrunnur og fyrirmyndir. Þegar ljósmyndirnar eru teknar þurfa menn að teygja út alla skanka svo betra sé að klippa myndirnar út.

Leirmynd

Við gerð leirmynda er notaður leir í fígúru og leikmynd.

Brúðumyndir

Gerðar eru brúður þar sem liðamót eru hreyfanleg, gleymið ekki höfðinu.

Hreyfimynd með fólki

Þá er fólki stillt upp, það færir sig smátt og smátt við hverja töku. Vinsælt er að fara gegnum skilrúm og vegg.

Skuggamyndir

Leikmynd og persónur eru klipptar út á misþykkjan pappír, t.d. smjörpappír eða litaðan pappír.

Myndirnar eru lagðar ofan á ljósaborð sem lýsir upp undir þær. Síðan er fært til eins og í venjulegri klippimynd.


Teiknimyndir

Þær eru teiknaðar á þunnt blað eða glæru með götum. Blöðunum er smeygt á ljósaborð með festingum sem passa í götin. Teiknaðar eru margar myndir en örilitlu breytt í hvert skipti.

Í byrjun er gott að teikna stutta myndasögu á blað með 15 gluggum. Þar eru línur fyrir stuttar setningar og lykilorð.

Muna að hafa nærmyndir.

Upphaf – atburður – endalok.
Veröld – verur – vandræði.



Klippimyndir (cut out)

Fyrirmyndirnar eru klipptar út á mismunandi litaðan pappír. Útlímir klipptir frá. Gerður bakgrunnur.

Við gerð klippimynda er gott að hafa dökkan bakgrunn og ljósar persónur eða öfugt. Bakgrunnur getur verið í stærðinni A3 eða stærri. Persónur u.þ.b. 10 cm á hæð. Teiknaðu og klipptu út. Hafðu liðamót sem tengja má saman með kennaratyggjói á bakhlið. Klipptu út bókstafi sem mynda titil og nöfn höfunda.

Gott er að skiptast á við að færa figúru og ýta á hnappinn á fjarstýringunni. Þegar myndatökum er lokið er spólað til baka og árangurinn skoðaður um leið og menn æfa sig á talsetningu og leikhljóðum. Þegar æfingu er lokið er myndavélin stillt á hljóðupptöku á átekið efni (audio dub) og nemendur tala og búa til leikhljóð um leið og þeir horfa á skjáinn (sjónvarp), sem tengdur er myndavélinni.

Stundum borgar sig að spila myndina inn í tölvu og fullvinna hana þar. Einnig er hægt að setja inn tónlist af CD diskum eða frumsamið tónlistarefni.

Myndmálið

Við gerð efnis á myndband er notuð ein tókuvél eða fleiri. Hér munum við eingöngu skoða hvernig kvikmynd verður til þegar notuð er ein tókuvél. Með einni vél eru teknar margar mismunandi myndir sem raðað er upp í rétta röð á myndbandið þannig að áhorfandinn skilji það sem ætlast er til að kvikmyndin útskýri. Mistök í myndfrásögninni geta orðið til þess að áhorfendur missa þráðinn, skilja ekki það sem myndin á að segja.

Skýr frásögn

Sömu grundvallarlögmál gilda um myndmál í myndum sem unnar eru fyrir kvikmyndahús eða sjónvarp og þeim sem gerðar eru til fræðslu í skólum eða til fjölskyldumynda. Þó svo að fæstir áhorfendur geri sér grein fyrir uppbyggingu myndmálsins þá sjá þeir fljótt ef eitthvað fer úrskeiðis. Þeir sem vinna að upptöku verða að gera sér glögga grein fyrir myndmálinu þannig að þeir geti beitt því rétt. Ýmis erlend orð eru notuð þegar rætt er um myndmál hér á landi. Hér



verður gerð tilraun til að útskýra þau um leið og þau koma fyrst fyrir. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir að sjónvarpsþáttur sýnir aldrei fullkomna mynd af raunveruleikanum. Hann sýnir einungis hluta af honum og þá aðeins frá því sjónarhorni sem tókumaðurinn eða stjórnandinn velur.

Myndskeið

Myndfrásögn þáttar má skipta í stutta hluta, myndskeið.

Myndskeiðin eru málsgreinar frásagnarinnar. Síðan má skipta þeim upp í einstakar myndir, orð eða setningar frásagnarinnar. Til þess að skapa falleg og áhrifarík myndskeið verður að hafa þau mislöng, misvíðar myndir og frá mismunandi sjónarhornum. Gæta verður þess að hafa ekki of líkar myndir saman. Sé nauðsynlegt að sýna myndir í röð teknar frá sama sjónarhorni er gripið til þess að setja á milli þeirra innklipp en þau eiga að sýna eitthvað annað. Innklippin geta oft verið nærmyndir (mynd sem sýnir aðeins hluta af einhverju t.d. andliti, blómi, húsi o.fl.). Ef innklipp eru ekki notuð fáum við ekki aðeins leiðinlega myndfrásögn, heldur líka svokölluð „jumpcuts“, samsetningu sem áhorfendur upplifa eins og fyrirmyndin hoppi eða kippist til á skerminum. Mismunur milli myndanna er svo lítill að áhorfandinn greinir ekki samsetninguna sérstaklega heldur einhverja furðulega breytingu á myndinni. „Jumpcuts“ trufla áhorfendur. Innklipp eru ekki bara notuð til að gera frásögnina fjölbreyttari og laga „jumpcuts“, þau má líka nota til að flytja áhorfendur til í tíma og rúmi. Nánar verður fjallað um það síðar. Í sumum tilfellum eru innklipp tekin um leið og viðtalið. Þetta er hægt þegar notaður er næluhljóðnemi við upptöku. Þá getur tókumaður fært vélina frá andliti viðmælanda, niður á hendur og víðar og breytt sjónarhorninu að vild án þess að það komi niður á hljóðinu.



Það er ekki fjöldinn af myndum eða myndskeiðum sem gerir kvikmynd góða heldur gildi þeirra, gæði og áhrif. Nota má fjölda mismunandi myndskeiða til að lýsa sömu fyrirmynd rétt eins og nota má mismunandi orð til að nefna sama hlutinn. Uppbygging, eðli og áhrif frásagnar ráðast af því hvaða mynd er valin. Vanda verður val myndskeiða þannig að frásögnin verði rökrétt. Þegar myndefni er klippt eftir á er m.a. ákveðið hvaða hlutar myndskeiðanna skuli vera með, hve löng þau eiga að vera og í hvaða röð. Skilningur á myndskeiði er ekki aðeins háður því sjálfu heldur einnig myndskaiðunum á undan og á eftir. Myndskeiðin geta haft mörg mismunandi hlutverk í kvikmynd. Áður en myndband er tekið verður að gera sér grein fyrir notkun þess. Á myndin að segja söguna ein eða á að bæta við þulartexta? Það er mikill munur á að skreyta lesinn texta með myndum eða segja einungis frá með myndum. Myndskurður gegnir mismunandi hlutverki í kvikmynd og hefur breytileg áhrif eftir því hver þular-

textinn er. Myndskeiðin þarf að velja á meðvitaðan hátt. Best er að myndin sé ekki víðari en svo að hún rúmi nákvæmlega þann atburð og umhverfi hans sem lýsa skal.


Myndskurður

Víðmynd

Þessi mynd sýnir staðinn og umhverfið þar sem atburðurinn á sér stað. Fjarmyndin er mikilvæg til þess að lýsa kringumstæðum þannig að þrengri myndir, sem fylgja á eftir, skiljist betur. Fjarmyndina má taka nálægt með víðlinsu eða lengra frá með þrengri linsu, „normal-linsu“ eða aðdráttarlinsu.

Heilmmynd

Heilmýndin lýsir einnig staðnum en hún er þó mun þrengri en fjarmyndin. Hún lýsir t.d. því sem persónan á myndinni er að gera. Persónan sést þá öll en áhorfandinn sér ekki greinilega andlitsdrætti hennar.



Hálfmynd

Hálfmýndin er þrengri en heilmýndin. Hún sýnir t.d. vel andlit manns.

Víðmynd



Heilmýnd



Hálfmynd



Nærmynd



Hlutamynd





Nærmynd

Nærmyndin lýsir vel andlitsdráttum eða sýnir hvað hendur eru að fást við. Hún getur auðveldlega skapað spennu og vakið tilfinningar.

Hlutamynd

Hlutamyndin sýnir aðeins hluta úr andliti eða einhverjum hlut. Hlutamyndin er oft tekin með „makrólinsu“ (nærlinsa). Slíkur eiginleiki fylgir nú orðið mörgum linsum en hann gefur kost á að farið sé mjög nálægt fyrirmyndinni með linsuna án þess að myndin verði óskýr.



Sjónarhorn


Góð staðsetning tókuvélar er mjög mikilvæg við myndatöku eins og áður hefur komið fram. Hægt er t.d. að hafa vélinu í augnhæð manns sem er algengasta sjónarhornið. Einnig að láta hana liggja á jörðinni eða hafa hana mjög neðarlega sem er kallað „músa-sjónarhorn“. Eða að koma henni fyrir hátt uppi og taka mynd niður, það er kallað „fluglasjónarhorn“.



Það gildir með sjónarhornin eins og margt annað í kvikmyndagerð best er að hafa fjölbreytnina sem mesta. Takið ekki allar myndir í sömu hæð, breytið til, leggist á jörðina eða farið upp á hús og takið myndir, myndatakan verður mun líflægri.


Myndbygging

Þegar mynd er tekin má ekki einungis hugsa um myndskurðinn og brennivíddina heldur einnig myndbygginguna. Gleymist það er hætt við að mikilvægustu hlutar myndarinnar lendi á við og dreif innan mynddrammans og getur það torvelað áhorfendum að finna mikilvægustu atriðin. Með því að beita sjónarhorni, brennivídd og myndskurði með fjölbreyttum hætti má byggja upp líflega frásögn með myndum. Góður þáttur er einfaldur að uppbyggingu. Boðskapurinn á að vera samþjappaður og áhersluatriði fá. Myndskeiðið er sýnt stuttan tíma, venjulega 3 til 15 sek. Ekki má því vera erfiðleikum háð að lesa úr myndinni. Til þess að halda áhuga áhorfenda vakandi verður tókumaður allan tímann að láta atburðinn sjást frá því sjónarhorni sem telja má áhugaverðast. Hér skiptir máli hve léttar tókuvélarnar eru. Með léttu



vél í höndum getur tókumaður auðveldlega flutt sig á besta tókustað hverju sinni. Þegar haldið er á tókuvél verður að gæta vel að því að lóðréttar og láréttar línur í myndinni séu réttar. Sjóndeildarhringur við hafflötinn má ekki halla og sama er að segja um margt annað, t.d. hús og ljósastaura. Á okkar menningarsvæði höfum við vanist því að lesa frá vinstri til hægri, að ofan og niður. Augað leitar einnig í þessar áttir þegar við lesum myndir. Þetta er rétt að notfæra sér.

Ef fyrirmyndinni er komið fyrir hægra megin í myndfletinum er að jafnaði auðveldara að festa athygli áhorfenda á henni. Með hjálp brennivíddar og myndskurðar er lögð




áhersla á frásögnina. Myndskurðurinn og brennivíddin þurfa ekki að fylgjast að en gera það oft. Hægt er að taka nærmyndir með víðlinsu og heilmyndir með aðdráttarlinsu ef aðeins er valin rétt fjarlægð.


Hreyfingar tökuvélar

Meginreglan er sú að tökuvél á ekki að hreyfa. Það er fyrirmyndin sem á að hreyfast. En stundum er ekki unnt að komast hjá því að hreyfa tökuvélina, t.d. þegar mynd er tekin af gangandi manni, akandi bíl og fljúgandi fugli. Þá er reynt að hafa fyrirmyndina vel staðsetta í myndrammanum t.d. í miðjunni eða aðeins aftan við miðju, sé miðað við hreyfingarstefnu tökuvélarinnar. Hreyfingum tökuvélar hefur verið skipt upp í flokka og þeim gefin nöfn: Lárétt hreyfing, frá vinstri til hægri eða frá hægri til vinstri nefnist „pan“, skimun á íslensku. Lóðrétt hreyfing beint niður eða beint upp nefnist „tilt“. Í báðum þessum hreyfingum er tökuvélin kyrr á sama stað, hún snýst aðeins um einn punkt. En sé vélin hreyfð úr stað, t.d. sett á vagn eða tekin mynd út um bílglugga, er það kallað „keyrsla“. Einnig er unnt að halda á vélinni og ganga eða skriða með hana og taka þannig frá mjög lágu sjónarhorni. Á það skal bent að þegar tökuvélin er hreyfð er betra að hafa vítt sjónarhorn heldur en þröngt. Hætt er við að myndin verði óróleg ef tökuvélin er hreyfð með þröngt sjónarhorn. Þó er mögulegt að hreyfa tökuvél í fullu „súmi“ ef þrífóturinn sem hún stendur á er góður en slíkur fótur er mjög dýr.

Notið mismunandi hreyfingar tökuvélar þegar myndir eru teknar en alls ekki í öllum myndskaiðunum.



Tilt



Pan (skimun)



keyrsla

Góð æfing

Góð æfing fyrir tókumann er að athuga umhverfið með annað augað lokað (venjulegar myndavélar eru eineygðar), ramma inn fyrirmyndina og athuga hvaða breytingar verða þegar höfðinu er snúið. Gott er að útbúa ramma sem er í hlutföllunum 3 á mótí 4, ekki of stóran og líta á fyrirmyndina í gegnum hann. Hann virkar eins og linsa þegar hann er hreyfður til hliðar og unnt er að „súma“ með því að færa rammann nær eða fjær auganu.



Tíminn

Það sem fyrst og fremst aðskilur lifandi mynd frá kyrrmynd í bók eða blaði er tíminn. Kyrrmynd sýnir hvernig fyrirmyndin lítur út eitt stutt augnablik en lifandi mynd sýnir hvað gerist á ákveðnu tímabili. Á þessum tíma nær það sem myndað er venjulega að breytast. Tíminn er því mikilvægur þáttur í myndgerðinni. Ekki einungis myndir þurfa tíma heldur einnig orð og önnur hljóð. Hve mikinn tíma má helga mismunandi þáttum í boðskapnum? Hve langan tíma þurfa áhorfendur til að ná honum áður en þulurinn kemur með nýjar upplýsingar? Reynið að hafa myndskreiðin nægilega löng en þó ekki um of því þá verða áhorfendur leiðir. Víðar myndir þurfa lengri tíma heldur en þröngar. Það tekur áhorfandann lengri tíma að „lesa“ víða mynd en þrönga.

Tímastytting

Venjulega hentar ekki að taka upp alla atburðarásina sem verið er að mynda. Þá yrði kvikmyndin í flestum tilvikum of löng. Þess í stað eru valdir hlutar sem eru einkennandi fyrir atburðinn, lykilatriði og einkennandi augnablik. Áhorfendurnir hugsa sér þá hluta sem ekki eru sýndir. Lykilatriðin eru t.d. þegar atburðarásin breytist, þegar eitthvað byrjar, markmiðið næst. Eitt mikilvægasta atriðið í þáttagerð er einmitt að þjappa saman raunveruleikanum innan fyrirfram ákveðinna marka, t.d. þannig að atburðum eins dags sé lýst á fáeinum mínútum. Oft eiga sér stað mismunandi atburðir samtímis. Þá má gefa í skyn alla atburðarásina með því að sýna aðeins hluta hennar. T.d. getur



fótur á hemli gefið til kynna að bíllinn hægi ferðina, óttaslegin augu að eitthvað ógnvænlegt sé að gerast o.s.frv. Áhorfendur eru vanir tímastyttingu. Þegar teknir eru upp hlutar atburðar og tíminn stytur eru tengingarnar milli hinna mismunandi myndskleiða mjög mikilvægar. Ef tengingarnar eru slæmar eiga áhorfendur erfitt með að fylgjast með frásögninni. Stundum gefur umhverfið í skyn að tímastytting hafi átt sér stað. Kona stígur inn í bíl í borgarumhverfi, ekur á brott og í næstu mynd stígur hún út úr bílnum uppi í sveit. Umhverfisbreytingin ein segir skýrt og greinilega að löng ökuferð hefur átt sér stað milli myndskleiðanna. Þegar umhverfið er líkt í tveimur myndum er ekki eins auðvelt að gefa tímastyttingu í skyn. Þá verður að grípa til annarra ráða.

Innklipp

Nota má innklippsmýndir til tímastyttingar. Ef ein mynd sýnir t.d. skrifstofumann byrja að skrifa bréf, þá má ekki sýna þegar hann tekur bréfið tilbúið úr ritvélinni í næstu mynd. Þannig lítur út fyrir að bréfið hafi verið skrifað á broti úr sekúndu. Ef sett er innklipp á milli þessara tveggja myndskleiða finnst áhorfendum tímastyttingin eðlileg þó svo að innklippsmýndin sé ekki lengri en 2–4 sekúndur. Innklippsmýndin á að tengjast á einn eða annan hátt því umhverfi sem atburðurinn gerist í.

Að hverfa úr mynd

Hægt er að ná ákveðinni tímastyttingu ef maður er látinn hverfa úr mynd eitt augnablik í lokin og síðan birtist hann ekki í næstu mynd fyrr en augnabliki eftir að myndskleiðið hófst. Þetta ásamt með breytingum á umhverfi getur virkað eins og eitthvað hafi átt sér stað milli myndskleiðanna.

Því meiri sem umhverfisbreytingin er því meiri er tímastyttingin. Tímastyttingu má jafnvel gefa í skyn með því að gera fyrra myndskleiðið óskýrt (fara út úr fókus) í lokin og byrja á því næsta þannig að það skýrist smám saman eða með því að „fara niður í svart“ og byrja næsta þannig. Tvær reglur myndmálsins hljóða svo:

- a) Myndskeið sem koma hvert á eftir öðru eiga saman nema stjórnandinn geri eitt-hvað sem sýnir annað. Ef fyrra myndskeiðið sýnir mann sem horfir einbeittur á eitt-hvað og næsta myndskeið sýnir hús, þá finnst flestum áhorfendum að maðurinn horfi á húsið.
- b) Áhorfendum finnst þeir vera á ákveðnum stað á meðan tökumaðurinn flytur þá ekki á annan stað. Ef í fyrra myndskeiðinu er sýndur inngangur í sveitabæ og í næsta myndskeiði er sýnt herbergi sem sett hefur verið upp í myndveri, þá finnst áhorfendum herbergið vera í sveitabænum. Það er mjög mikilvægt að framvindan í þættinum sé eðlileg. Góð myndfrásögn sýnir eðlilegt áframhald og áhorfendur skilja alla frásögnina vel.

Upptökur og úrvinnsla

Myndatakan

Fjallað er um myndmálið á öðrum stað hér á vefsíðunum. Þar er talað um myndmál, myndskurð, myndbyggingu, sjónarhorn, hreyfingar tókuvélar, lengd myndskeiða o.m.fl. Tökumaður þarf að kunna skil á þessum atriðum og beita þeirri kunnáttu við myndatökuna. Gæði upptökunnar eru að mörgu leyti háð því hve vandlega upptökuvélinni hefur verið komið fyrir. Góð lýsing er mikilvæg, litirnir verða bjartari, skerpustillingin bæði auðveldari og betri. Samt er hægt að ná töluvert góðum myndum í litlu ljósi en þá verður að vanda enn betur til upptökunnar. Möguleikar upptökuvélarinnar eru þá nýttir til hins ýtrasta. Þegar sjálfvirka ljósopsstillingin er stillt á stærsta ljósop verður skerpudýptin mjög lítil, þ.e.a.s. það svæði sem er skarpt verður mjög takmarkað.

Þó svo að tókuvélarinnar minnki og léttist með þróun tækninnar þá verða þær myndir sem teknar eru með vélinni á þrífæti alltaf betri. Það verður meiri ró yfir myndunum. Í einstaka tilfellum er þó ekki unnt að koma við þrífæti, þá verður upptökumaðurinn að koma sér vel fyrir áður en hann setur upptökuna af stað. Þar sem hljóðupptakan fer fram um leið og myndatakan er mikilvægt að velja réttan hljóðnema fyrir upptökuna. Það eru sjaldnast tækin sem klicka, yfirleitt eru það mistök upptökumannsins sem koma í ljós þegar myndin er skoðuð.





Hvernig má komast hjá mistökunum?

Margs er að gæta. Lítum á helstu atriðin:

1. Stendur tökuvélin rétt á þrifætinum? Er hún lárétt?
2. Hefur tökuvélinni verið komið fyrir í réttri hæð? Þegar tekin er mynd af fólki er yfirleitt betra að hafa vélina neðan við augnhæð þess sem myndin er tekin af.
3. Er unnt að nota hljóðnemann á tökuvélinni eða þarf að velja einhvern annan? (Sjá nánar í kaflanum um hljóðupptöku)
4. Er lýsingin góð, þarf að bæta við ljósi? (Sjá nánar í kaflanum um ljós og lýsingu)
5. Þarf að hreyfa tökuvélina? Ef hreyfa á tökuvélina þá er nauðsynlegt að æfa hreyfinguna fyrst a.m.k. einu sinni áður en taken er gerð.
6. Hve langt þarf myndskleiðið að vera? Það er betra að hafa myndskleiðin of löng en of stutt. Ef klippa á myndina síðar, má alltaf stytta myndskleiðin.
7. Upptökumaðurinn þarf ávallt að hafa í huga þegar mynd er tekin, hvernig myndskleiðið klippist við myndskleiðin á undan og eftir.
8. Gæta þarf þess að merkja spólur og hulstur vel og læsa spólunni (rec-inhibit takki) þegar hún er orðin full.

Ljós og lýsing

Til þess að ná skýrum myndum þarf góða lýsingu. Ef lýsing er dauf skal bæta við hana eftir því sem kostur er. Samt verður að hafa í huga hve mikil lýsing á við hverju sinni en hún þarf alltaf að vera nægileg fyrir tókuvélina. Flestar vélar gefa það til kynna á einhvern hátt þegar lýsingu er ábótavant.

Til eru mismunandi ljósalampar fyrir myndbandsupptökur innanhúss. Varasamt er að hafa ljósin of sterk, 250–800 w ljós eru hentug. Betra er að lýsa með tveimur veikum ljósum en einu mjög sterku.

Sé aðeins til 1000 w ljós er best að nota það með því að lýsa upp í loftið ef það er hvítt og venjuleg lofthæð. Fellur þá ljósið jafnt yfir viðfangsefnið. Til eru ljós sem ganga fyrir rafhlöðum. Þau henta vel þegar unnið er utanhúss eða þar sem ekkert rafmagn er. Ekki er gott að blanda mismunandi tegundum ljóss saman vegna litamunar. Nauðsynlegt er að gefa sér góðan tíma fyrir lýsinguna þegar unnið er innanhúss. Alltaf tekur tíma að ná góðri lýsingu. Veljið lýsinguna eftir efni myndarinnar.



Best er að nota þá lýsingu sem er fyrir hendi og nýta t.d. birtu frá glugga á íbúð þar sem viðtal eða tókur fara fram. Gott er að láta viðmælanda snúa á móti birtunni (ljósi úr glugga) og snúa andliti móti sól.

Hljóðupptaka

Þó að hátalarar á sjónvarpstækjum séu fremur litlir og geti því ekki skilað fullkomnustu hljóðupptöku þá er hljóðið samt mjög mikilvægt og nauðsynlegt að hljóðupptakan verði sem best. Til þess að svo megi verða þarf hljóðneminn að vera góður og á réttum stað í upptökunni. Grundvallarregla við hljóðupptökur er að hafa hljóðnemann sem næst staðnum þar sem á að taka upp hljóðið. Í flestum tókuvélum er mjög nákvæmur hljóðnemi sem hentar þó ekki við allar aðstæður. Því getur verið gott að hafa lausan hljóðnema sem hægt er að koma fyrir á betri stöðum en á tókuvélinni. Nauðsynlegt er að taka alltaf upp hljóð, jafnvel þegar enginn talar, það einfaldar eftirvinnslna.



Hljóðnemum má skipta í tvo aðal flokka: „dynamic“ og „condenser“ hljóðnema. Þeir síðarnefndu eru með rafhlöðu sem gerir þá nákvæmari og betri, sérstaklega þegar unnið er innanhúss. Rafhlaðan má ekki liggja lengi í hljóðnemanum þegar ekki er verið að nota hann, hún getur farið að leka og eyðilagt hann. Þessir hljóðnemar eru full nákvæmir við upptökur úti þar sem mikið er af alls konar hljóðum sem truflað geta upptökuna. Þá er oft betra að grípa til þess fyrrnefnda. Gæta ber þess að hafa þá nálægt þeim sem talar eða öðrum hljóðgjöfum. Oftast skiptir engu máli hvort hljóðneminn sést í myndinni eða ekki. Því ætti ekki að reyna að fela hann ef það bitnar á hljóðgæðunum. Það er fyrst og fremst í leiknum myndum sem fela þarf hljóðnema. Þessir tveir flokkar hljóðnema skiptast síðan í hópa eftir því úr hvaða átt þeir nema hljóðið.

Sumir nema allt hljóð jafn vel, sama úr hvaða átt það kemur. Þessir hljóðnemar eru oft kallaðir kúluhljóðnemar. Aðrir eru þrengri, þ.e.a.s. taka ekki upp allt hljóð jafnvel. Þeir taka betur það hljóð sem berst beint framan að þeim. Þeir eru stefnuvirkir. Stefnuvirkni hljóðnema getur verið mismikil, allt frá því að taka jafnvel upp allt hljóð sem berst að innan 180 gráðu horns og niður í t.d. 20 gráðu horn. En sá hljóðnemi nemur aðeins hljóð sem berst úr þeirri átt sem hann snýr í. Hann útilokar að mestu allt annað hljóð. Þannig hljóðnemi gæti t.d. verið góður við upptökur á miklu umferðarhorni þar sem taka á viðtal. Þá heyrir aðeins í þeim sem hljóðneminn snýr að hverju sinni. Þegar einn maður vinnur að upptöku getur verið nokkuð flókið að þurfa bæði að hugsa um tökuvélina og hljóðnemann. Í slíkum upptökum er gott að láta hljóðnemann á tökuvélinni duga. En við flóknari upptökur, þar sem hljóðupptakan er mikilvæg, er nauðsynlegt að fleiri en einn hjálpist að.

Klipping


Að loknum myndatökum er hægt að skoða tölur. Þegar við myndum ákveðið efni sem er klippt saman og látið mynda sjálfstæða heild, með titlum og tónlist, höfum við gert mynd sem er sjálfstætt verk og talar fyrir sig sjálft. Ef unnið er með kvikmyndafilmur eru þær klipptar í sundur og límdar saman í þeirri röð og þeim lengdum sem myndskreiðin eiga að birtast. Þetta köllum við að klippa.



Flestir nota myndbönd í dag en þeim má skipta í tvo flokka:

Hliðræn (analog), það eru VHS og video 8. Stafræn (digital), það eru t.d. Mini DV, Digital8 og DVD-diskur. Þessi bönd og diskur eru ekki klippt eins og filman þó við köllum það að klippa, heldur er frumspólan (original) afrituð eða kóperuð á annað band eða disk í tölvu.

Hægt er að klippa frá tökuvél eða tæki yfir á VHS-tæki. Með þessari aðferð tapast gæði og nákvæmni og verður ekki frekar fjallað um það hér.



Frá tökuvél yfir í tölvu

Mestu gæðin fást við að yfirfæra efnið á harðan disk í tölvunni. Það er gert með stafrænni tengisnúru (Fire Wire) ef um stafræna vél er að ræða. Einnig er hægt að yfirfæra VHS eða video 8 myndefni inn í tölvu í gegnum sérstakt tæki sem breytir hliðrænu efni í stafrænt. Sumar myndavélar hafa þennan eiginleika (analog in).



Tölvan verður að hafa hugbúnað og tengikort til myndvinnslu. Þegar myndavélin hefur verið tengd við hana er hægt að smella á „capture“ eða „import“ í sumum forritum og raðast þá myndskleiðin inn í tölvuna í þar til gerða glugga. Ódýrustu og þægilegustu forritin fyrir byrjendur eru t.d. iMovie í iMac og Windows Movie Maker og Studio 8 í PC.

Til eru fullkomnari forrit með mörgum mynd- og hljóðrásum, t.d. Final Cut fyrir Mac og Premier og Avid fyrir bæði kerfin. Þar verður stundum að nefna hvert myndskleið og vista sérstaklega þegar þau eru tekin inn.

Því næst skal stilla á edit eða þar til gerðan glugga og þá er hægt að draga myndskleiðin úr gluggunum niður á tímalínuna í þeirri röð sem þau eiga að birtast. Einnig þar er hægt að stytta þau og mixa saman þar sem það á við.

Hljóð

Þegar þessu er lokið þarf að huga að hljóði. Stundum þarf að lækka eða þurrka út upprunalegt hljóð og bæta inn þulartexta og tónlist. Mátu þarf lengd myndtexta við myndskleiðin áður en lesið er inn. Í sumum tölvum er hljóðnemi á skjánum. Einnig er hægt að tengja hljóðnema við tölvu eða lesa hljóðið inn í hljóðnema á myndavél og taka upp með lokið fyrir linsunni og setja upptökuna inn í tölvuna á venjulegan hátt. Oft er gott að skilja að hljóð og mynd, t.d. þegar þurrka á út hljóð og setja nýtt í staðinn. Auðvelt er að draga hljóð fram og til baka á hljóðrásunum. Þá er hægt að nota Minidisk (MP3) við upptökur og taka hljóðið af honum inn.

Mikilvægt er að hafa góða tónlist í myndum. Tónlist má taka inn á svipaðan hátt og talað orð. Einnig er hægt að fá tónlist á Netinu, af hljómdiskum eða af MP3. Rétt er að minna á höfundarrétt en ekki má afrita, dreifa eða selja hugverk annarra án leyfis. Best er að nota tónlist þar sem hljóðfærin eru áberandi en minna um söng. Góð tónlist í kvikmyndum kallar fram þá stemmingu sem myndin lýsir.

Stundum er sagt: „Góð klipping er sú klipping sem maður sér ekki.“

Textar og áhrif

Myndin byrjar á titli sem hentar efni myndarinnar. Í lok myndar kemur fram hverjir gerðu hana, hvar og hvenær. Stundum er skotið textum, skiltum og nöfnum inn á milli í myndum. Þetta er gert á textasvæði forritsins og dregið á þann stað í myndinni þar sem það á að vera. Einnig er hægt að draga leikhljóð og myndbrellur á tilskilda staði.

Frágangur

Þegar klippingu og hljóðsetningu er lokið er myndin tekin út úr tölvunni. Áður fer tölvan yfir öll áhrifahljóð (effects) í myndinni, sem kallað er „render“ í sumum tölvum og getur það tekið smá stund en í öðrum er það gert jafnóðum. Myndin spólast þá til baka fullgerð inn í myndavélina ef hún er með DV in. Einnig er hægt að afrita myndirnar út á CD eða DVD. Við þessar aðgerðir tapast nær engin gæði.

Nú er til klippt frumrit af myndinni (master). Eftir frumritinu er hægt að fjölfalda myndina á VHS eða DVD. Hægt er að þurrka myndina út úr tölvunni. Athugið að ef aðeins eitt eintak er til af myndinni skal gæta þess vel og vandlega en best er að eiga afrit.



Grafík – skiltagerð

Gerð skilta fylgir kvikmyndagerð. Þau eru sett fremst og aftast til að kynna nafn og aðstandendur myndarinnar. Einnig eru skilti oft notuð í fræðslu- og heimildarmyndum til að koma nýjum upplýsingum á framfæri eða til nánari útskýringa. Meginregla við gerð allra skilta fyrir myndband er að þau séu einföld og auðskilin því áhorfendur verða að meðtaka skilaboðin á skömmum tíma. Ekki á að þurfa að líta á þau aftur.

Með klippiforritum fylgir hugbúnaður til að setja inn texta í upphafi og lok myndar eða jafnvel inni í miðri mynd. Unnt er að láta textann birtast yfir mynd eða á einlitum bakgrunni.

Skemmtilegt er að útbúa eigin skilti í heppilegri stærð. Pappír í stærðinni A4 er hentugur en gæta verður þess að stærðarhlutföll flestra sjónvarpsskerma eru önnur en pappírsins. Pappírinn er um það bil 20x30 cm eða 2:3 en stærðarhlutföll skerma eru 3:4. Skjárinn á mörgum nýjum sjónvarpstækjum er í stærðarhlutföllunum 16:9 sem er mun líkara hlutföllunum á A4 blaðinu.

Hafið stafi og myndir það stórar að það komi vel út á sjónvarpsskjá. Nota má flest það sem hægt er að skrifa og teikna með til þess að búa til skiltin. Stafir verða að vera læsilegir og nægilega stórir. Munið að óskýrir stafir á skilti verða ekki betri á skermi nema síður sé. Í ritfangaverslunum fást ýmsir hlutir sem auðvelda skiltagerðina, s.s. teikniáhöld, stafasett og mislitur pappír. Rétt er að prófa skiltin áður en tekið er upp með því að beina tökuvélinni að þeim og skoða þau á sjónvarpsskermi í eðlilegri fjarlægð.



VERKEFNI: Stuttmynda- gerð

Mikilvægt er að láta sem flesta gera æfingarnar. Gott er að gera eina æfingu í einu og rifja upp næstu æfingu á undan. Skoða skal upptökurnar að lokum, ræða þær og taka aftur ef þurfa þyk-
ir. Einnig er gott að sýna myndbrot úr bíó-
myndum þar sem æfingin á við. Hugmyndaríkir
kennarar geta látið nemendur spinna stutta
mynd úr sumum æfingum.

1. æfing.

Að halda á vél

- Haltu á myndavélinni og taktu mynd í 30 sek. af umhverfinu – úti eða inni.
- Haltu á myndavélinni og taktu mynd í 10 sek. hvert atriði með því að
 - standa með bakið upp við vegg
 - sitja á stól með olnboga á stólbaki
 - hafa olnboga á kné og krjúpa
 - hafa myndavél á kné og krjúpa.
- Skoðuðu upptökurnar.
Hvaða mun sérð þú á þeim?



2. æfing.

Að mynda með þrífæti

- a) Hafðu myndavélina á þrífæti og gerðu sömu æfingar og í 1. æfingu.
Þú verður að lækka fótinn í æfingu 1 b).



3. æfing.

Myndstærðir

Myndaðu í 10 sek. hvern lið (ekki nota „súm“ í tókunni)

- a) heilmýnd (maður eða hús í fullri stærð)
- b) hálfmýnd (maður eða hús í hálfri stærð)
- c) nærmynd (maður eða hús að hluta).

4. æfing.

Hreyfingar

Myndaðu eftirtaldar æfingar og hafðu myndavélina kyrra í 5 sek. í byrjun og í lok töku.

- a) Skimun (pan) til hliðar t.d. húsveggur, landslag eða útréttir armar.
- b) „Tilt“ upp eða niður t.d. stigi, veggur, flaggstöng eða maður á stól.
- c) „Súm“ að hlut.
- d) „Súm“ frá hlut.
- e) Akstur. Myndað frá stól á hjólum sem ýtt er áfram eða til hliðar.
- f) Ganga með myndavél (hafa víða mynd).

5. æfing.

Inn og út úr ramma

Myndavél kyrr á fæti. Maður gengur

- út úr mynd eftir 10 sek. í töku og upptöku hætt þegar rammi er auður.
- inn í mynd 5 sek. eftir upptöku og sést þar í 10 sek. Slökkt.
- fram hjá ramma 5 sek. eftir að upptaka hefst og út úr mynd. Slökkt.
- inn í ramma, dokar við og gengur áfram. Tökumaður gengur aftur á bak í 15 sek. (verður að hafa aðstoðarmann sem styður við tökumann).

6. æfing.

Dekkja og lýsa mynd

- Ýttu á „fade“-takka í byrjun töku og myndin lýsist (oft í byrjun myndar og kaflaskilum).
- Ýttu á „fade“ í lok töku og myndin endar í svörtu (oft í lok myndar).
- Ýttu á handstillingu (leita í manual eða expouse) og minnkaðu ljósopið (notað í of mikilli birtu t.d. á móti gluggum).
- Ýttu á handstillingu og stækkaðu ljósopið (notað í lélegri birtu).
- Ýttu á „back light“ og myndaðu á móti glugga og fyrirmynd lýsist.

7. æfing.

Myndaðu andlit

Kyrr vél á fæti.





- a) Myndaðu andlit beint framan frá. Láttu lofta 5 cm fyrir ofan höfuð og augu eru fyrir ofan miðju á skjánum.
- b) Myndaðu andlit sem snýr til hliðar á skjánum. Láttu lofta fyrir framan andlitið.
- c) Myndaðu tvo sem standa hvor á móti öðrum og tala saman.
 - Láttu lofta fyrir framan andlitin. Taktu af þeim til skiptis.
 - Taktu yfir öxl á öðrum sem þekur 1/3 af myndfletinum.

8. æfing.

Að nota hljóðnema

Taktu viðtöl. Hafðu hljóðnemann jafnlangt frá þér og viðmælanda ef þú hreyfir hann. Ekki hreyfa fingur um hljóðnemann í tökum.



Einnig má nota næluhljóðnema með langri snúru sem er nælt í viðmælenda eða í hlut sem er mitt á milli. Þrír í senn.

- A: Einn með myndavél (hálfmynd).
- B: Einn að spyrja (með hljóðnema).
- C: Einn að svara (horfir á viðmælenda).

B horfir í myndavél; tókumaður startar tókuvél og telur upp að þrem í huganum, vinkar þá til spyrils B sem kynnir sig og þáttinn (tókumaður slekkur á vél þrem sek. eftir kynningu). A snýr vélinni að C og gefur merki þegar allir eru tilbúnir.

Þá kynnir B viðmælenda og spyr 2–4 spurninga en gefur tókumanni vísbendingu með því að segja t.d. í síðustu spurningunni: „Að lokum – hver er niðurstaðan?“

Að fengnu svari slekkur tókumaður á vél eftir þrjár sek.

Loks er tókuvél snúð að spyrli sem afkynnir þáttinn eftir hefðbundna handsveiflu tókumanns.

Allur bekkurinn eða minni æfingahópar geta gengið í gegnum þessa æfingu með því að mynda hring eða velja númer þannig að allir fái að gera hvert atriði.

9. æfing.

Nýnemar

Nokkrir nýir nemendur eru komnir í skólann. Starfsmaður eða kennari tekur á móti þeim, gengur með þá um skólann, sýnir hann og kynnir starfsmenn. Myndið móttöku nýnemanna og notið sem flestar af ofantöldum æfingum. Merkið við þær sem þið hafið notað.

10. æfing.

Á veitingahúsi

Nemendur útbúa lítið veitingahús, t.d. 2–3 borð og stólar með bollum og diskum. Persónur: A þjónn – B kona – C maður.

B kemur inn og A býður sæti. B bíður og bíður og bíður um dagblöð, lítur á klukkuna. C kemur askvaðandi og reynir að afsaka sig o.s.frv.

Gerið stutta mynd þar sem klippt er í vél.

Reynið að nota sem flestar af ofantöldum æfingum.

Næstu æfingar er best að gera í hreyfimyndakassa þar sem myndavélin er ofan á kassanum og myndar í gegnum gat.

VERKEFNI: Hreyfimynda- gerð

1. æfing.

Fugl flýgur

Brjóttu saman blað A4 og teiknaðu á neðra blaðið fugl sem beinir vængjum niður. Leggðu efra blaðið yfir og taktu fuglinn í gegn nema vængina sem beinast nú upp. Flettu blaðinu hratt fram og aftur og fuglinn flýgur!



2. æfing.

Bolti springur

- Láttu tvær hendur koma að hluta til inn í ramma með bolta sem skoppar á nagla og springur.
- Láttu andlit koma að hluta til inn í ramma með blöðru sem blásið er í. Hún stækkar og stækkar og springur.

3. æfing.

Bakgrunnur

Gerðu bakgrunn með húsum við veg sem nær vel út fyrir myndrammann. Klipptu út bíl. Hafðu bílinn kyrran en hreyfðu bakgrunninn lítillega. Bílinn ekur í sýningunni!

4. æfing.

Maður heldur ræðu

Kipptu út mann sem heldur ræðu í ræðupúlti.
Fyrir framan hann sést aftan á hausu (við mynd).
Klipptu út sama mann þar sem sér aðeins í höfuðið.
Munnur hreyfist og augasteinar (nærmynd).



5. æfing.

Ormurinn

Klipptu út orm (sléttur og með bungu). Láttu hann skriða inn í myndina, ýmist hægt eða hratt með því að færa um 1/2 – 3 cm í hverri lotu (hver lota t.d. 5 færslur).

6. æfing.

Ljósmyndir

Finndu ljósmynd sem þú átt eða úr blaði.

Stækkaðu hana í ljósritunarvél (A3) til að nota í bakgrunn.

Klipptu út andlit úr ljósmyndum og límdu á persónur sem þú teiknar. Láttu þær hreyfast.

7. æfing.

Leirmynd

Búðu til hund úr leir sem eltir bolta á borði.

Hér getur þú notað þrífót.

8. æfing.

Klippimyndir

Það getur verið skemmtilegt að stilla nokkrum krökkum upp á miðju gólfi og láta þá færa sig smátt og smátt ofan í kassa á gólfinu eða bak við kennaraborðið. Jafnvel er hægt að fara í gegnum veggj og skilrúm með þessum hætti. Notað þrífót sem festur er með límbandi við gólfið.

9. æfing.

Skuggamyndir

Rífdðu eða klipptu út verur úr krep- eða smjörpappír.

Leggðu þær á ljósa- eða glerborð með lampa undir.

Þannig getur opnast nýr ævintýraheimur.

VERKEFNI: Fréttir

Nemendum er skipt í hópa. Hóparnir geta útbúið myndver í stofunni með bakgrunni. Hver hópur fær ákveðið verkefni og leitar heimilda

- á Netinu
- í dagblöðum
- á sjónvarpsrásum
- í útvarpi
- í viðtölum á vettvangi
- í símaviðtölum.

Hóparnir geta verið með eftirtalin verkefni:

- innlendar fréttir
- skólafréttir t.d. félagslíf – íþróttir – nýr kennari – afreksmaður – listamaður
- erlendar fréttir
- íþróttافرéttir
- veðurfréttir
- furðufréttir



Tæki til fréttáöflunar (stundum þurfa hóparnir að skiptast á um tækin)

- stafræn kvikmyndavél
- hljóðnemi og heyrnartól
- stafræn ljósmyndavél
- sími
- tölvu
- blað og penni.

Hver hópur vinnur stutta frétt en nemendur skiptast á

- að afla heimilda og vinna fréttina (skrifa)
- að mynda viðtöl eða taka upp úr öðrum miðlum (kópera)
- að taka viðtöl
- að flytja fréttina í myndveri eða á tökustað.

Allir hóparnir geta kynnt sín verkefni með því að

- vinna fréttirnar í tölvu og klippa þær saman á sameigilegt band.
- hver hópur kynni sitt verkefni í myndveri sem gert er í skólafunni.
- Allir hóparnir eru teknir upp á sameiginlegt band sem sýnt er í skólanum.

VERKEFNI: Fræðslu- myndir

Þegar nemendur gera fræðslumyndir er mikilvægt að afmarka efnið og miða alla vinnu við það og þann markhóp sem á að sjá myndina. Það er nánast hægt að gera fræðslumynd um hvaða námsgrein eða áhugasvið sem er.

1. æfing

Veldu kafla úr kennslubók eða semdu stuttan texta. Veldu þrjú mikilvæg atriði úr kaflanum sem mynda samhengi. Fáðu þér blað (A4) og skiptu því eftir miðju með striki. Hafðu textann vinstra megin og teiknaðu eða útskýrðu hvaða myndir þú ætlar að hafa með hægra megin á blaðinu.



2. æfing

Finndu myndir sem passa við textann en það geta verið

- ljósmyndir
- kvikmyndir
- teiknaðar skýringarmyndir
- leikin atriði.

3. æfing

Taktu viðtal við einhvern sem hefur eitthvað um efnið að segja.

4. æfing

Komdu gangandi inn í mynd og tjáðu þig um efnið.

5. æfing

Klipptu atriðin saman. Æfðu þig í að máta þulartextann við myndirnar til þess að fá hæfilega lengd í myndskeiðin. Ekki er gott að talaður texti komi í belg og biðu út í gegnum alla myndina. Myndmálið þarf að njóta sín.

6. æfing

Stundum má rannsaka eða velta fyrir sér ákveðnu málefni með ofangreindum aðferðum. Þá er varpað fram spurningum eða vandamáli sem reynt er að varpa ljósi á og fá einhverjar niðurstöður í lokin.



VERKEFNI: Heimildar- myndir

Við vinnslu heimildarmynda er nauðsynlegt að afla sér upplýsinga um verkefnið áður en myndatakan hefst. Heimildarmyndir eru myndir sem sýna og segja frá ákveðnum atburðum og viðtalsþáttum við fólk.

Æfðu þig í því að mynda atburði í skólalífinu og ferðalög á vegum skólans. Einnig er góð æfing í því að taka viðtöl við kennara og nemendur. Hafðu samband við næsta öldrunarheimili og óskaðu eftir viðtali við karl og konu. Þar má t.d. spyrja um veður, æskuárin, skólagöngu, störf, tómstundir og breytingar í þjóðfélaginu o.m.fl. Einnig má taka fyrir tímabil í sögu þjóðarinnar eða atburð sem er rifjaður upp. Þá getur verið gott að fá lánaðar gamlar ljósmyndir til þess að mynda og setja inn í viðtalið þar sem það á við.

Hafið spurningarnar tilbúnar á blaði í möppu með klemmu. Reynið að fylgja sumum svörum eftir til þess að fá meiri dýpt í viðtalið, þótt spurningin sé ekki á blaðinu.

Mikilvægt er að kynna sig og verkefnið og þakka fyrir í lokin.

Ef vel tekst til er sjálfsgagt að gefa viðmælendum afrit af upptökum. Best er að hafa ljósmyndavél meðferðis og taka ljósmyndir til að nota á kápu spólunnar.

